

## Fyrirspurn

til samgönguráðherra um upplýsingamiðstöðvar í ferðaþjónustu.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hversu margar upplýsingamiðstöðvar í ferðaþjónustu eru starfandi hér á landi og hvar eru þær?
2. Hvaða reglur gilda um starfsemi slíkra upplýsingamiðstöðva, m.a. varðandi kröfur um þjónustu?
3. Hver er stuðningur
  - a. ríkis,
  - b. sveitarfélaga,
  - c. annarra opinberra aðilavið einstakar upplýsingamiðstöðvar?
4. Hver er stefna ráðherra sem yfirmanns ferðamála varðandi hlutverk upplýsingamiðstöðva í ferðaþjónustu og þátt opinberra aðila í fjármögnun þeirra?